

Fasteignafélagið Þórkatla ehf.

Fundargerð 38. stjórnarfundar 21. júní, 2024 kl. 08:30-09:45.

Mætt voru: Óskar Józefsson (gegnum fjarfundabúnað), Örn Viðar Skúlason, Hermann Hermannsson og Guðrún Þorleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagný Lís Davíðsdóttir og Diljá Ragnarsson sátu fundinn undir liðum 3 og 4.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð

Fundargerðir 36. og 37. funda samþykktar.

2. Kaup samþykkt á milli funda

Frá síðasta fundi voru kaup á fjórum altjónseignum samþykkt á milli funda með í tölvupósti. Áður hafði verið fjallað um umsóknirnar á stjórnarfundum.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í félaginu. Alls hefur borist 891 umsókn og búið er að þinglýsa 709 kaupsamningum. Búið að greiða kaupsamningsgreiðslu í 690 tilvikum. Félagið hefur fengið 300 eignir afhentar. Vinna við afhendingu hefur gengið vel.

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu vinnunnar við samninga við Búmenn um kaup á búseturétti. Ákveðið að framkvæmdastjóri geri fjármála-og efnahagsráðuneytinu sérstaklega grein fyrir þeim valkostum sem eru í stöðunni áður en ákvörðun verður tekin um framhaldið.

4. Tillaga framkvæmdastjóra um afgreiðslu umsókna

Á fundinum gerði framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu vinnunnar við afgreiðslu umsókna þar sem skilyrði um lögheimili í eign sé ekki uppfyllt.

Tvær umsóknir voru samþykktar þar sem fyrir lágu upplýsingar um að tímabundnar ástæður skýrðu að lögheimili var ekki skráð í viðkomandi eign.

Í þremur tilvikum var samþykkt að senda umsækjendum bréf þar sem tilkynnt er að félagið áformi að hafna umsókn þar sem skilyrði laganna virðist ekki uppfyllt. Umsækjendum verður í bréfunum gefinn kostur á að andmæla áformunum eins og stjórnarsýslulög áskilja.

Í einu tilviki var ákveðið að senda umsækjanda fyrirspurnarbréf.

Afgreiðsla stjórnar var færð í vinnuskjal stjórnar.

5. Önnur mál

Fleiri ekki rætt og fundi slitið um kl. 09:45.

Óskar Józefsson
Guðrún Þorleifsdóttir
Hermann Hermannsson
Dagný Lís Davíðsdóttir